

31. gr.

Reikningsár ÁTVR er almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun. Ráðherra staðfestir ársreikning að lokinni endurskoðun.

32. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. maí 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 607/1995, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 3. apríl 1998.

Friðrik Sophusson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 709/1995, fyrir Samvinnulífeyrissjóðinn.

1. gr.

Grein 10.2 orðast svo:

10.2 Að baki stigaútreikningi eru grundvallarlaun fyrir hvern mánuð. Þau eru í maí 1997 kr. 75.285 og breytast í hlutfalli við þróun vísitölu neysluverðs. Þó er stjórn sjóðsins heimilt, að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing, að breyta þessari viðmiðun að teknu tilliti til fjárhagsstöðu sjóðsins.

2. gr.

Grein 12.5 orðast svo:

12.5 Örorkulífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 12.4 margfölduðum með örorkuprósentunni skv. 12.2 margfölduðum með 1,5.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 26. mars 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.